

Fréttabréf

FIT



7. ÁRGANGUR // 3. TÖLUBLAÐ // NÓVEMBER 2009

**Viðtal við
umhverfisráðherra
Svandísi Svavarsdóttur**

**Heimsókn
á Grundartanga**

Þjónustukönnun

**Staða
garðyrkjunnar**

Bætt þjónusta
- rætt við
stjórnarmann FIT





Út í bláinn...

Út í bláinn eru skemmtilegar útivistarferðir sem FIT og Fagfélagið standa að. Um er að ræða skemmtiferðir sem farnar eru síðasta sunnudag í hverjum mánuði frá hausti til vors. Mæting er við Borgartún 30 kl.13 þar sem tilkynnt er um áfangastaðinn og yfirleitt tekinn léttur og skemmtilagur göngutúr.

Síðasta ferðin á vorin er jafnan veglegust og þá mætt fyrr og ekið með rútu eitthvað út í bláinn.

Fylgist með á heimasíðum félaganna þar sem alltaf getur þurft að hnika til tíma af ófyrirséðum orsökum, svo sem veðri.

.....

Jólaball

Jólaball FIT og Fagfélagsins verður að þessu sinni haldið í Gláðheimum, Álalind 3 í Kópavogi þriðjudaginn 29. desember kl. 15-17

Nánar á auglýst á heimasíðu FIT þegar nær dregur.



Desemberuppbót

Desemberuppbót fyrir árið 2009 miðað við fullt starf er kr. 45.600.

Iðnnemar fá nú greidda desemberuppbót í samræmi við vinnuframlag.

Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember.

Reikniregla fyrir iðnnema og starfsmenn hluta úr ári.

45.600 deilt með 45 sinnum unnar vikur = desemberuppbót.

Til athugunar allann ársins hring

Áunna desemberuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar. Sama gildir um orlofsuppbótina.



.....



Bridge 2009 - 2010

- 14. jan Sveitakeppni
- 28. jan Sveitakeppni
- 11. feb Tvímenningskeppni Fagfélagsins
- 25. feb Tvímenningskeppni Fagfélagsins
- 11. mar Hraðsveitakeppni
- 25. mar Hraðsveitakeppni
- 09. apr Einmenningur og uppgjör vetrarins

Spilað er í Borgartúni 30 kl. 19:30.

Fréttabréf FIT

3. tbl. 7 árg. nóvember 2009

Félag iðn- og tæknigreina

Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is

Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson

Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Heiðarleiki, réttlæti og allt upp á yfirborðið



Skattatillögur ríkisstjórnarinnar liggja nú fyrir. Álögur á millitekjufólk munu aukast mikið á næstu mánuðum og er hætt við að okkar hópur fái verulegar hækkanir. En hvað er til ráða? Einnhverjir verða að borga útrásina og það hefur alltaf verið almúginn sem fær að blæða þegar auðmennirnir eru búnir að kollsteypa öllu. Við hljótum hinsvegar að gera ríka kröfu til þess í dag að umsvif ríkisins verði dregin verulega saman. Það eru víða matarholur í fjárlögunum sem hægt er að sækja í þó það kosti sársaukafullar aðgerðir. Líta þarf til þess að aukning á óbeinum sköttum s.s. virðisaukaskatti leiðir beint út í verðlagið sem aftur kallar á vísitöluhækkun sem síðan leiðir til hækkana á skuldum heimilanna. Talandi um skuldir, hvernig má það vera að fjármagnseigendur skuli vera svo rækilega tryggðir í bak og fyrir að þeir þurfi ekkert að taka þátt í samdrættinum. Fjölmörg heimili í landinu ramba á barmi gjaldþrots og það eina sem virðist vera hægt að gera fyrir þau er að lengja í lánunum. En engir peningar eru til að hjálpa almenningi, hann þarf að borga brúsann.

Senn líður að því að rannsóknarnefndin sem sett var á fót af þinginu skili af sér. Til stendur að setja á stofn þingnefnd sem fjalla á um meðferð mála sem ekki verður ákært í til saksóknara. Nú viljum við fá allt upp á borðið og ekkert undanskilið. Þessa skýrslu á að birta þegar hún kemur og vinna málin af heiðarleika fyrir

opnum tjöldum. Við erum nú þegar með nokkra saksóknara í vinnu til að taka á lögbrotum í kringum bankahrúnið. Við hljótum að gera þá kröfu að óháðir aðilar yfirfari skýrsluna og dragi þá til ábyrgðar sem brotið hafa lög í þessu landi. Sukkið og svínaríið sem virðist hafa viðgengist í bankakerfinu fyrir hrúnið er með ólíkindum. Ástarbréfin svokölluðu er auðvitað gjörningur sem víðast annarsstaðar væri búið að setja menn á bak við lás og slá fyrir. Þetta er ekkert annað en fals og klækir sem bitnar á okkur almúganum – hann skal hreinsa upp og borga. Krafan er skýr – heiðarleiki, réttlæti og allt upp á yfirborðið.

Á dögunum var haldinn þjóðfundur í Laugardalshöllinni. Fundurinn heppnaðist ákaflega vel og vonandi halda menn fleiri slíka. Þarna var samankominn þverskurður þjóðarinnar sem skeggræddi og krufði málefni til mergjar. Það var mál til komið að þjóðin væri spurð hvað henni finnst og hvað hún vill. Þetta var í fyrsta skipti sem heil þjóð tekur þátt í stefnumörkun til framtíðar. Íslendingar eru dugleg þjóð sem mun vinna sig út úr þessum tímabundna vanda. Mikilvægt er að byggja upp réttlátt og heilbrigt samfélag þar sem ástarbréfin verða notuð á sinn rétta hátt og innihalda sannar tilfinningar en ekki blekkingar.

Hilmar Harðarson, formaður FIT

Félag iðn- og tæknigreina stóð að sameiginlegri sveinsbréfaafhendingu ásamt Fagfélaginu og Meistarafélaginu í veglegu hófi sem haldið var á Grand hóteli 18. september

Fjölmenni við afhendingu sveinsbréfa - 160 útskrifast

Flestir luku sveinsprófi í húsasmíði eða 84 talsins. Auk þess voru 15 pípulagningamenn, 10 múrarar, 23 málara, 9 bifvélavirkjar, 7 bifreiðasmiðir, 4 bílamálara og 7 vélvirkjar útskrifaðir.

Í setningarræðu sinni fjallaði Hilmar Harðarson, formaður Félags iðn- og tæknigreina, um hversu þýðingarmikil iðn- og tæknimenntun er fyrir samfélagið.

„Því er ánægjulegt að sjá hve margir eru að útskrifast í þessum mikilvægu starfsgreinum og er það nokkur fjölgun frá fyrra ári“. Hilmar telur jafnframt að auka þurfi vægi iðn- og tæknigreina í skólakerfinu. „Mikil þörf mun verða á slíkri þekkingu á næstu árum, t.d. við uppbyggingu sprotafyrirtækja“.



Hilmar Harðarson, formaður FIT.

Húsasmiðir.

Húsamálara.



Bifreiðasmiðir.





Bílamálarar.



Pípulagningamenn.



Múrarar.



Bífvélavirkjar



Atvinna og skattar - heimsókn FIT í Norðurál

Nýverið heimsóttu Hilmar Harðarson formaður FIT og Hermann Guðmundsson þjónustufulltrúi álver Norðuráls á Grundartanga. Markmiðið með heimsókninni var að fara um vinnustaðinn, skoða framleiðsluna, hitta starfsmenn og ræða við félagsmenn um þau mál sem eru uppi í dag. Álverið er engin smásmíð með 4 skála sem eru 600 og 1200 metrar á lengd og er eitt það lengsta í heimi. Þar eru 520 ker sem nota 30% af allri orku sem Íslendingar framleiða. Farið var um verkstæðin, skautasmiðjuna og kerskálana. Á kaffistofunni var spjallað við félagsmenn, rætt um launakjörin, kjarasamninga sem verða lausir um áramótin og þau sóknarfæri sem eru við gerð næstu saminga. Þá voru teknar myndir og tekin stutt viðtöl.



**SIGURÐUR EINARSSON,
TRÚNAÐARMAÐUR FIT HJÁ NORÐURÁLI:**

UMRÆÐAN UM SÉRSTAKA SKATTA Á STÓRIÐJU, BRENNUR ÞETTA Á STARFSFÓLKI?

Jú, hún gerir það. En það eru misjafnar skoðanir á þessu eins og öðru. Eins og þetta var sett fram á fjárlögum þá var þetta út í hött. Hægt er að reikna að þær upphæðir sem settar voru fram þýði 10 milljónir í ný gjöld á hvern einasta starfsmann í fyrirtækinu. Slík skattlagning er út úr kú. Hins vegar skulum við athuga að þessi fyrirtæki geta ekki komið sér undan því að

taka þátt í þeirri uppbyggingu sem þarf að eiga sér stað nú í samfélaginu. Það er ekki hægt að leggja allar auknar álögur á einstaklinga og launamenn. Þetta er bara spurning um sanngirni og réttlæti. Það á að hafa það að leiðarljósi.

HVAÐA ÖNNUR MÁL BRENNA Á STARFSFÓLKI Í DAG?

Það eru kjarasamningar fyrst og fremst. Það eru lausir kjarasamningar hjá okkur um áramótin og við teljum okkur hafa ágætis sóknarfæri til að hækka hér laun svo að við náum sömu kjörum og í öðrum álverum og annarri stóriðju.

NÚ HAFIÐ ÞIÐ VERIÐ AÐ INNLEIÐA NÝTT ÖRYGGISKERFI?

Það er rétt. Þetta felst í svokölluðu „læsa og merkja“ ferli. Þetta eru ákveðnir verkferlar sem allir verða að fara eftir þannig að allir eiga að vera öruggir með að það tæki sem menn eru að vinna við fari ekki í gang eða valdi skaða. Það hefur orðið gríðarleg framför hér í öryggismálum starfsmanna frá því að ég hóf störf en ég hef verið nánast frá byrjun eða í 11 ár.



ARINBJÖRN GEORGSSON, HJÁ NORDURÁLI:

NÚ ER MIKIÐ RÆTT UM SÉRSTAKA SKATTA Á STÓRIÐJU, HVER ER ÞÍN SKOÐUN?

Það er erfitt að leggja þetta á stóriðjuna núna og eftir alla uppbygginguna sem farið hefur verið í. Ef af verður er þetta íþyngjandi fyrir okkur öll í fyrirtækinu. Samningaviðræður um bætt starfskjör verða erfiðari.

PÉTUR JÓHANNSSON, HJÁ NORDURÁLI:

SKATTAR Á STÓRIÐJU, BRENNUR SÚ UMRÆÐA Á STARFSFÓLKI?

Þetta er hörmulegt að heyra af þessu, það eru allir að mínu viti sammála um það hér. Við óttumst að það verði meiri tregða til að sækja betri kjarasamninga.



Dalsgarður gróðrastöð í Mosfellsdalnum er aðallega í blómarækt en er einnig með grænmetismarkað á sumrin. Þeir hafa verið að innleiða lífrænar varnir í stað eiturs, en glíma einnig við hátt raforkuverð. Gísli Jóhannsson er eigandi Dalsgarðs.

Lífrænar varnir í stað þess að ausa eitri

HVER ER STAÐA GARÐYRKJUNNAR Í DAG?

Það helsta sem brennur á okkur í dag eru raforkumálin. Það hentar okkur ekki vel að vera með 2 nætur í sama sólarhringnum út af þessum raforkutöxtum þar sem við þurfum að slökkva ljósin á álagstímum sem eru dýrari. Frá 9 til 13 er dýr taxi, síðan millidýr frá 13-17 og svo aftur dýr taxi frá 17-21. Síðan er ódýr taxi frá 21-9. Við verðum því að haga lýsingunni eftir þessum tímum. Þessar sveiflur eru erfiðar fyrir plönturnar og við þurfum að slökkva tvisvar sinnum á dag út af þessum mismunandi töxtum. Flutningurinn á rafmagninu er erfiðasti þátturinn í verðinu. Það er alls ekki verið að taka nægilegt tillit til þess hvort maður sé stórnotandi. Menn hafa verið að spá í að koma á fót samlagi og væntanlega verður unnið meira með það ef stjórnvöld koma ekki með úrbætur.

NÚ HAFIÐ ÞIÐ VERIÐ AÐ VINNA MEÐ LÍFRÆNAR VARNIR Í STAÐ EITURS. HVERNIG ER ÞAÐ AÐ KOMA ÚT?



Lífrænar varnir er stórkostlegur hlutur og mikil framför sem menn eru að ná tökum á í blómaræktinni. Þetta hefur átt sér sögu í grænmetisræktinni í nokkurn tíma. Við erum að vinna í þessu að eiga við lífrænar varnir í stað þess að ausa eitri einu sinni í viku sem hætta að virka og þá þarf að finna ný. En þetta krefst meira eftirlits og er dýrara í byrjun en er ódýrara til lengdar ef menn vinna þetta rétt. Þetta er mesta byltingin sem hefur verið í blómaræktinni í mörg ár síðan lýsingin kom og skemmtileg þróun. Eftir 2-3 ár þá verða menn algerlega hættir að nota eitri. Greinin er að verða vistvænni og þetta er einnig gott fyrir framleiðendur sem skilar sér í betra vinnuumhverfi. Einnig er þetta betra fyrir neytendur sem upplifa þá hinn sanna blómailm.

HVER ER FRAMTÍÐ GARÐYRKJUNNAR Á ÍSLANDI?

Maður er að missa trúna á stjórnmalamönnum. Þeir vilja veifa garðyrkjunni í kosningabaráttum sem lausn í atvinnuuppbyggingu og framleiðslu en þegar á hólminn er komið virðist enginn dugur í þessu fólki og allt gleymt, og þetta á við um alla stjórnmalaflokka. Maður áttar sig ekki alveg á hvar þetta strandar, á embættismönnum eða að menn hafi hreinlega ekki kjark til að fylgja þessu eftir. Þetta er íslensk framleiðsla í hæsta gæðaflokki. Neyslan hefur aukist um tugi prósent, þrátt fyrir keppni við innflutning og almenningur hefur valið íslenska vöru þrátt fyrir að hún sé dýrari. Það á við um grænmetið og blómin.

Það er erfitt að trúa því að það sé ekki pláss fyrir íslenska framleiðslu á grænmeti og blómum, enda erum við með framleiðslu á heimsmælikvarða. Við finnum fyrir miklum velvilja hjá þjóðinni. Við erum bjartsýnir að eðlisfari en það þarf að skapa ákveðin skilyrði til að greinin geti þrífist og dafnað og þá eru möguleikarnir endalausir. Orkunotkunin er stór þáttur. Lausn á því máli fer langt með að skapa þessi skilyrði.

Gróðrarstöðin Lambhagi býður upp á vistvæna ræktun á salati og kryddjurtum og framleiðir á annað hundrað tonn á ári. Margbreytileikinn er mikill og salan er góð. Lambhagi er þekkt fyrir lambhagasalatið, íssalat, eikarlauf, lollo rosso og klettsalat, en einnig er framleitt ferskt basilikum, steinselja, mint, kóríander, dill, rucola og graslaukur. Hafberg Þórisson er eigandi Lambhaga.

Garðyrkjan á að vera skilgreind sem stóriðja

HVER ER STAÐA GARÐYRKJUNNAR Í DAG?

Það verður að búa þannig um hnúta að það sé áhugavert fyrir unga menn að koma inn í greinina, eins og gildir með allar aðrar greinar í þjóðfélaginu. Það hefur þó verið ágæt nýliðun hingað til en nú er árferðið erfiðara.

Staða garðyrkjunnar er þröng en samt ekkert erfiðari en í öðrum landbúnaði. Það er ekkert svart-nætti en það má lítið út af bregða. Við viljum vera skilgreindir sem stórnotendur í raforkukaupum. RARIK hefur notað okkur til að fylla upp í sitt gat og hefur ekkert tekið tillit til okkar. Við verðum að fara að skoða það að kaupa beint af Landsvirkjun eða ná hagstæðum samningum við dreifingaraðilana. Það er þó langtímamarkmið okkar að framleiða hreinlega okkar eigin rafmagn og það verður gert einn daginn ef hlutir breytast ekki. Við eigum margir hverjir öflug svæði þar sem hægt er að bora. Landvirkjun er í sjálfu sér ekki að bjóða hátt verð á rafmagni en það eru dreifingaraðilarnir og RARIK sem eru þröskuldarnir fyrir okkur. Við garðyrkjubændur getum ekki starfað á veturna ef við höfum ekki rafmagn til lýsingar. Þá væri þessi atvinnugrein ekki til héraðs og þá þyrfti að flytja allt hér inn.

HVER ER FRAMTÍÐ GARÐYRKJUNNAR Á ÍSLANDI?

Stjórnvöld virðast vera bundin í báða skó. Það er búið að koma því þannig fyrir að dreifingaraðilinn er sjálfstæður og við verðum að eiga beint við þá. Það var röng ákvörðun hjá stjórnvöldum að skipta í sundur sölu og dreifingu á rafmagni og það var engin tilskipun frá EES sem skildaði þessa skiptingu sem raun varð.

Ég kaupi jafn mikla orku og á annað þúsund heimili nota. Í stað þess að þurfa að eiga við öll

þessi heimili þá þarf bara að eiga við einn aðila sem hlýtur að vera auðveldara. Nú ætlum við að hætta að láta koma fram við okkur eins og kjána. Ef það er aðeins einn aðili sem er að kaupa þá á hann að fá betra verð. Þess vegna fær stóriðjan ódýrara rafmagn, og menn eiga ekki að vera að fetta fingur út í að þeir fái ódýrara rafmagn en aðrir. Garðyrkjan á að vera skilgreind sem stóriðja.

Þessi háí raforkukostnaður fer beint út í verðlagið. Grænmeti er ódýrara á Spáni þar sem menn eru ekki að að greiða háa rafmagnsreikninga. En við viljum að það verði ræktun og framleiðsla hér í landinu en ekki bara hvítflippastarfssemi. Það vantar fullt af fólki í vinnu hér.



Launahækkun 1. nóvember

Launataxtar iðnaðarmanna hækkuðu um kr. 8.750 þann 1. nóvember og ófaglærðra um kr. 6.750. Sérstök launaþróunartrygging kom á öll laun sem voru umfram launataxta þ.e. 3,5% hækkun á tímabilinu frá 1. janúar til 1. nóvember á þessu ári. Laun sem hækkað hafa umfram 3,5% á umræddu tímabili njóta ekki launaþróunartryggingar. Tímakaup í dagvinnu er fundið með því að deila 173,33 í mánaðarkaupið. Yfirvinnukaup reiknast sem svarar 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Kauptaxtar frá 1.nóvember 2009

Launataxtar Samiðnar og SA:

Launaflokkur 1. Iðnaðarmenn með sveinspróf

	Mánaðarlaun
Byrjunarlaun	225.055
Eftir 1 ár	231.866
Eftir 3 ár	237.204
Eftir 5 ár	242.702

Iðnaðarmenn með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistaraþéttindi (eftir meistaranám) og fela má umsjón verkefna. Iðnaðarmaður með tvöfalt sveinspróf sem bæði nýttast í starfinu.

Mánaðarlaun
255.769

Launakjör starfsþjálfunarnema

	Mánaðarlaun
Fyrstu 12 vikurnar	145.032
Næstu 12 vikurnar	156.372
Eftir 24 vikur	167.715

Innfalið í launum iðnnema er fæðis-, flutnings- og mætingarskyldugjald

Launataxtar samkv. kjarasamningi Samiðnar og Meistarafélags húsmiða frá 1.nóvember 2009. Fimm fyrstu taxtarnir gilda einnig fyrir pípulagningamenn

	Mánaðarlaun
Byrjunartaxti sveins	237.204
Lágmarkstaxti eftir 5 ár í greininni	242.702
	249.233
Lágmarkstaxti í viðgerðarvinnu	255.991
Lágmarkstaxti starfsm.	
með faglega ábyrgð	262.982
	270.216
	277.699
	285.442
	293.452
	301.739
	310.314
	319.185
	328.363
	337.859
	347.682

Launaflokkur 2. Iðnaðarmaður 2

	Mánaðarlaun
Byrjunarlaun	202.550
Eftir 1 ár	208.679

Sérhæfðir aðstoðarmenn í iðnaðarstörfum með mikla faglega reynslu í iðngreininni.

	Mánaðarlaun
Byrjunarlaun	165.118
Eftir 1 ár	166.254
Eftir 3 ár	168.527
Eftir 5 ár	170.799

Bílgreinasambandið

Launaflokkur 1

Þeir sem lokið hafa sveinsprófi eða sambærilegri menntun.

	Mánaðarlaun
Byrjunartaxti sveins	238.882
Eftir 1 ár í starfsgr.	248.129
Eftir 3 ár í starfsgr.	257.839
Eftir 5 ár í starfsgr.	268.033
Aðstoðarverkstjóri II	278.739
Sérmenntaður sveinn	289.979
Verkstjóri II	301.780
Aðstoðarverkstjóri I	314.173
Verkstjóri I	327.185

Launaflokkur 2

Iðnaðarmenn	220.952
Iðnaðarmenn eftir 1 ár	230.075

Nemar í bílgreinum

Fyrstu 12 vikurnar	163.969
Næstu 12 vikur	176.689
Eftir 24 vikur	189.406




Ágústa Guðmarsdóttir
ráðgjafi
Selfossi
virk@sudurland.is



Sigrún Sigurðardóttir
ráðgjafi
Reykjavík
sigrun@lifeyrir.is



Hrefna Óskarsdóttir
ráðgjafi
Vestmannaeyjum
starfsorka@internet.is



Björg Bjarnadóttir
ráðgjafi
Akranesi
virk@vlf.is



Guðni Erlendsson
ráðgjafi
Reykjanesbæ
virk@vfsk.is

Virk, starfsendurhæfingarsjóður

- þarfagreining, námskeið og heilsurækt

Félagsmönnum FIT stendur til boða að koma í viðtal til ráðgjafa í starfsendurhæfingu. Ráðgjafarferlið fer síðan eftir þörfum og væntingum hvers og eins. En markmiðið er að efla færni og vinnugetu til að draga úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Lykilatriði í því sambandi er aukin virkni einstaklingsins, efling endurhæfingar og önnur úrræði.

Ráðgjafarferlið tekur mið af aðstæðum hvers og eins, en hér eru nokkur dæmi um þá þjónustu sem ráðgjafinn veitir:

- Ráðgjöf og hvatning sem tekur mið af aðstæðum hvers og eins
- Mat á starfshæfni sem tekur mið af bæði heilsufarslegum og félagslegum þáttum
- Aðstoð við gerð og eftirfylgni einstaklingsbundinnar áætlunar um aukna virkni, heilsueflingu og endurhæfingu
- Aðstoð og leiðbeiningar til að tryggja

að viðkomandi einstaklingur fái það sem honum ber innan kerfisins

- Aðstoð frá sérfræðingum eftir mat á stöðu einstaklings hverju sinni.
Hér getur t.d. verið um að ræða aðstoð lækna, sálfræðinga, iðjuþjálfra, sjúkraþjálfra, félagsráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa o.s.frv.
- Aðstoð í formi stuðnings til náms sem hefur það að markmiði að auka vinnugetu
- Aðstoð í formi skipulagðrar starfsendurhæfingar þar sem einstaklingurinn, atvinnurekandinn og mismunandi fagaðilar vinna saman við að finna leiðir til aukinnar vinnugetu.

Það er mikilvægt að hafa í huga að þegar félagsmaður á orðið erfitt með að sinna starfi sínu vegna heilsubreysts þá getur hann sett sig í samband við ráðgjafa. Skilyrði fyrir aðstoð er ekki að viðkomandi njóti aðstoðar sjúkrasjóðs. Félagsmenn geta óskað eftir viðtali við ráðgjafa þótt þeir njóti enn launagreiðslna frá atvinnurekanda.

Í ár eru 30 ár frá því framleiðsla hófst í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Hilmar Harðarson formaður FIT og Hermann Guðmundsson þjónustufulltrúi heimsóttu Elkem á Íslandi fyrir stuttu. Markmiðið var sem fyrr að skoða fyrirtækið og hitta starfsmenn og félagsmenn og heyra í þeim. Fyrirtækið selur kísiljárn til stálvera, stáliðnaðar og í járnsteypur. Lengi framan af framleiddi verksmiðjan hefðbundið kísiljárn en hefur á undanförnum árum aukið vöruframboð sitt á járnblendi og býður nú sérhæfðari vöru til viðskiptavina, sem er meðal annars notað í lækningastál, alls konar varahluti og vindmillur. Með framleiðslu kísiljárns með lægra innihaldi af aukaefnum, líkt og áli, kolefni og títan, hefur félagið stöðugt aukið virði afurðanna.

Uppbygging og atvinna - hvað gera stjórnvöld?

**EINAR ÞORSTEINSSON,
FORSTJÓRI ELKEM Á ÍSLANDI:**

HVAÐ FINNST ÞÉR UM UMRÆÐU OG TILLÖGUR UM SÉRSTAKA SKATTA Á STÓRIÐJU?

Við höfum nýlega verið að fjárfesta hér fyrir um 900 milljónir króna og ef umræða um þessa sérstöku stóriðjuskatta hefði farið fyrir fram þá hefði þetta ekki farið í gang. Menn geta haft pólitískar skoðanir á stóriðjunni, en ef Elkem gefur út yfirlýsingu um að þeir ætli ekki í frekar fjárfestingar hérlandis þá eru það heilmikil skilaboð. Það er verið að tala um 2 nýja skattstofna, annars vegar á rafmagnið og hins vegar á kolefnið. Við erum í þeirri sérstöðu að kolefnið vegur mjög þungt hjá okkur þannig að við erum í verri stöðu en álverin varðandi þessar hugmyndir. Ef ég tek þetta ýkta dæmi sem sett var fram af stjórnvöldum þá er þetta fyrir okkur milljarður hvor pakki. Vegna þess hvernig þetta var lagt hroðvirknislega fram þá verða viðbrögðin einnig svolítið ofsafengin. Við erum að tala um gjöld sem gætu orðið allt að 100 milljónir norskra króna en hagnaður okkar í fyrra sem var í hærra lagi var um 70 milljónir, þannig að stærðargráðan er svo svakaleg að það er verið að kippa rekstrargrundvellinum undan fyrirtækinu ef af verður.



VAR HAFT NÆGILEGT SAMRÁÐ VIÐ HAGS- MUNAÐILA?

Menn verða að ræða þessi mál. Samráðið við okkur hefur verið sama og ekki neitt. Vandamálið er líka að umræðan snýst bara um álverin. Við finnum fyrir því að við gleymumst oft í umræðunni. Við erum stóriðja þó að við séum ekki að framleiða ál. Það er svo mikilvægt núna að við finnum leiðir sem allir geta verið sáttir við. Við höfum reynt að vera högværir í yfirlýsingum, en það er mikilvægt að það verði ekki þessi öfgaumræða þar sem verið er að kippa fótunum undan einhverju sem þó er í gangi. Við þurfum einnig að ná stöðugleika í starfs-umhverfið okkar hér. Við erum að reyna að landa nýrri verksmiðju hér til að vinna sólarkísil og það



er ljóst að mikið af ykkar félagsmönnum myndi sækja í þá vinnu að framleiða sólarkísilinn, enda um mannfrekan hátækniðnað að ræða. Við erum ekki í frumvinnslu eins og álið heldur að lengja keðjuna. Við Íslendingar erum með 4 meginstoðir. Náttúruna sem við nýtum fyrir ferðamannaíðnað, fiskinn, orkuna, og mannauðinn. En til að nýta mannauðinn þá verðum við að hafa hitt allt til staðar því ekki lifum við eingöngu á uppfinningastarfssemi.

SÓLARKÍSILL, HVAÐA VARA ER ÞAÐ OG Í HVAÐ ER HÚN NOTUÐ?

Elkem er búið að vera að vinna hátt í 10 ár að aðferðum til að vinna þennan sólarkísil sem er í raun kísill sem er 99.999% hreinn. Hann er notaður til að búa til hálfleiðara sem síðan verða þessar sólarsellur sem nýta sólarorkuna. Í dag er þetta framleitt með aðferð sem heitir RSC sem stóð til að kæmi í verksmiðju í Ölfusi en sú fjárfesting fór að endingu til Kanada. Fyrst er framleiddur kísill á svipaðan hátt og við gerum hér, síðan er kísillinn hreinsaður með því að breyta honum í gas og svo aftur í fast form og er þetta gríðarlega orkufrekur iðnaður. Elkem er búið að þróa sína aðferð þannig að frumstigið er það sama en efnið er hreinsað á málfræðilegan hátt og ekki farið með það yfir í þennan gas fasa. Aðalatriðið er það að það þarf ekki nema fjórðung af orkunni í þessa aðferð í miðað við eldri aðferðina, sem er samt verulega orkufrekt. Út á þetta gangur þessi Elkem lausn. Hún er í orku $\frac{3}{4}$ ódýrari sem er stærsti kostnaðarliðurinn. Það er búið að reisa tilraunaverksmiðju í Kristjanssand í Noregi og þar er verið að þróa ferlana.

ER ÍSLAND INNI Í MYNDINNI AÐ FÁ ÞESSA VERKSMIÐJU?

Nú er verið að leita að stað til að reisa fyrstu alvöru framleiðslueininguna. Í dag koma 3 lönd til greina, það er eitt land í Asíu, og síðan er það Kanada og Ísland. Við erum að gera allt klárt hér til að eiga möguleika. Skipulagið hér á svæðinu gerir ráð fyrir þessari verksmiðju, starfsleyfið okkar sem

endurnýjað var í sumar gerir ráð fyrir þessari verksmiðju, það er búið að tryggja flutning á rafmagni hingað. Það er sem sagt búið að tryggja allan pakkann hér til að við getum fengið þessa nýju hátækni-verksmiðju. Eftir stendur matið og þar tel ég að við séum að berjast fyrst og fremst við Kanada um hvor staðurinn verður valinn. Þá komum við að hlutum eins og raforkuverði, framboði af raforku, og nú það nýjasta sem er stöðugleiki í stjórnvaldsaðgerðum og í pólitíkinni. Þetta síðasta útspil stjórnvalda gerir það að verkum að það kom verulegt hik á ráðamennnum í Oslo. Ég er í fullri vinnu að segja við menn úti að þetta er nú ekki búið að gerast til að menn segi bara ekki að það sé ekkert vit í að vera að vinna á Íslandi. Þetta er mesta áhyggjuefnið. Ég er sjálfur sannfærður um að við séum besta staðurinn fyrir svona verksmiðju en hin skilyrðin verða að vera í lagi. Ef við setjum þetta í samhengi við álverin þá eru þetta bara um 100 MW sem við þyrftum í þessa verksmiðju, sem er svipað og við erum að nota í dag.

Ef við setjum þetta í stærra samhengi og hugsum á veraldarvísu, þá erum við að nota vistvæna orku til að framleiða búnað til að framleiða vistvæna orku sem er sólarorkan. Það er stefna Elkem að gera þetta þannig. Þess vegna er það Asía, Kanada og Ísland sem öll geta framleitt raforku með vatnsafli, sem koma til greina. En við viljum virkilega leggja okkur fram til að fá þetta hingað til lands og viljum hafa stjórnvöld með okkur í því.





**ELÍAS KRISTJÁN ÞORSTEINSSON,
TRÚNAÐARMAÐUR FIT HJÁ ELKEM:**

HVERNIG LEGGJAST ÞESSAR HUGMYNDIR UM STÓRIÐJU- SKATTA Á STARFSMENN?

Það liggur í augum uppi að mönnum lýst ekki vel á þessar hugmyndir í þeirri mynd sem sett var fram, en auðvitað er það þannig að allir verða að leggja til samfélagsins, en það mætti gera með sanngjarnari hætti heldur en hefur verið í umræðunni.

Þetta er stórt svæði hérna hjá okkur og horft til mikillar uppbyggingar og ég óttast að það muni hægja á því og geti svo bitnað á starfsfólki með uppsögnum eða lakari kjörum.

HVERNIG ERU ÖRYGGISMÁLIN HÉR?

Öryggismálin hér eru í mikilli og hraðri uppbyggingu. Það er verið að herða öryggismál hérna alveg gríðarlega með öryggisreglum frá Orkla, sem er móðurfyrirtæki Elkem. Starfsmenn taka misvel í þessa ferla en þegar öllu er á botninn hvolft þá er þetta af hinu jákvæða og fyrirtækið er að leggja fé í þetta og metnað.



BJARNI GUNNARSSON, HJÁ ELKEM:

HVERNIG MÆLAST SÉRSTAKIR SKATTA Á STÓRIÐJU FYRIR HJÁ STARFSFÓLKI?

Þetta var lagt fram með frekar klaufalegum hætti með fyrirsögnum um háa skatta sem myndi þýða um 2 milljarða á ári fyrir þetta fyrirtæki. Það hefur ekki bolmagn til að greiða slíkt enda hærri en gróði hefur nokkurn tímann verið hjá fyrirtækinu. En það er fullkomnlega eðlilegt að þetta fyrirtæki og önnur stóriðjan borgi skatta og taki þátt í uppbyggingu samfélagsins. Þau hafa fengið hér aðgang að rafmagni á góðu verði. Það er því borð fyrir báru að borga einhvern skatt en ég skal ekki segja um hve hár hann getur verið. Þetta snýst um aðferðafræði og upphæðina, en ekki má gleyma að þessi fyrirtæki hafa verið að borga mikið til samfélagsins.



Heimsmeistarakeppni iðngreina - WorldSkills var haldin í Calgary í Kanada dagana 2.-5. September 2009. Keppnin var ætluð 22 ára og yngri og var þetta í fertugasta skiptið sem keppnin var haldin.



Eflum verknám, víkkum sjóndeildarhringinn

Alls tóku um 1000 keppendur frá 51 landi og úr 45 iðngreinum þátt í keppninni. Frá Íslandi voru þrír verðugir fulltrúar sem áttu það sameiginlegt að hafa skarað framúr í sínum iðngreinum.

Keppnin krafðist mikils undirbúnings og voru íslensku keppendurnir í strangri þjálfun fyrir keppnina hjá þjálfurum sínum. Keppendur voru Kristófer Þorgeirsson, sem keppti í pípulögnum Hann lenti í 12. sæti með 505 stig. Stefán Ingi Ingvason, sem keppti í rafvirkjun. Hann lenti í 27. sæti með 472 stig. Og að lokum Þorbjörg Bergþórsdóttir, sem keppti í hárgreiðslu. Hún lenti í 17. sæti með 471 stig. Kristófer fékk sérstök fagverðlaun fyrir að vera með meira en 500 stig.

Sjónvarpsstöðin WorldSkills.tv var með sjónvarpsútsendingar frá keppninni alla keppnisdaga og sendi út 150 fréttaupptökur af keppninni. Þær er hægt að nálgast á www.worldskills.org þar eru m.a. viðtöl sem tekin voru við keppendur.

Mikill fjöldi gesta heimsótti keppnina og af nálægum svæðum kom mikill fjöldi nemenda sem voru úr eldri bekkjum grunnskóla. Talið er að 50.000 nemendur hafi komið og fylgst með keppninni ásamt kennurum sínum þá fjóra daga sem hún stóð yfir. Hóparnir fengu góða kynningu á iðngreinunum og máttu spreyta sig í verklegum þáttum

greinanna.

Reynslan sem keppendurnir hlutu var mikil og eykur hún þekkingu þeirra og reynslu sem gerir þá enn hæfari í sínum störfum í framtíðinni. Meðal greina sem einnig var keppt í voru: múraraiðn, húsgagnasmíði, húsasmíði, bifvélavirkjun, bílamálun, málmsmíði og málmsuða og hefur FIT hug á að reyna að fjölga þáttakendum frá Íslandi. Á undanförnum árum hefur áhugi á nmakeppnum aukist hérlandis og nú eru árlega haldin Íslandsmót þar sem namar reyna með sér í hinum ýmsu greinum. Rétt að geta þess að þátttakendur höfðu allir unnið 1. verðlaun á slíku móti hér heima.

Lengi hefur tíðkast að iðnnemar víðsvegar úr heiminum reyni með sér. Þetta er í annað sinn sem Íslendingar senda keppendur á WorldSkills en keppnin er haldin annað hvert ár. Fyrir tveimur árum þegar keppnin var haldin í Japan var það Árni Már Heimisson sem keppti í pípulögnum fyrir Íslands hönd en komst ekki á verðlaunapall. Hann hafði áður sigrað á Norðurlandamóti í Malmö 2007 og á Íslandsmeistaramóti 2006.

Næsta keppni verður haldin í London árið 2011 og er um að gera fyrir nema að setja stefnuna á Íslandsmeistaramótið og hver veit nema að London verði þá innan seilingar.

Eigum ekki næga orku til að gera allt

STÓRIÐJAN HEFUR MIKIÐ VERIÐ Í UMRÆÐUNNI OG ÞÁ SÉRSTAKLEGA GJÖLD Á RAFMAGN OG KOLEFNI, MÁ KANNSKI SEGJA AÐ MENN HAFI FARIÐ FRAMÚR SÉR VIÐ GERÐ FJÁRLAGANNA OG SETT FRAM ÓÞROSKAÐAR HUGMYNDIR UM GJÖLD Á STÓRIÐJU?

Nei, það held ég ekki. Auðvitað hefur undirbúningur fjárlaga verið mjög erfiður við þessar kringumstæður í samfélaginu. Þess vegna var ekki við því að búast að ferlið yrði hnökralaust. En ég er fylgjandi umhverfissköttum og tel að áherslur í skattkerfinu muni á komandi árum þokast í þessa átt, þ.e. í auknum mæli yfir á skatta á auðlinda- og orkunotkun. Frakkar hafa til að mynda tekið skref í þá átt með sérstökum kolefnisskatti. Þeir gera hins vegar ekki ráð fyrir aukinni skattheimtu heldur á að lækka aðra skatta á móti. Ég myndi vilja fara svipaða leið hér en núverandi efnahagsástand leyfir það ekki að svo stöddu.

HVERNIG LÍST ÞÉR Á HUGMYNDIR ELKEM UM SÓLARKÍSILVERKSMIÐJU Á GRUNDARTANGA?

Mér list ágætlega á þær. Þó að þar sé á ferð mengandi stóriðja, þá er orkuþörfin ekki nema um 1/6 af orkuþörf álvers. Starfsmannafjöldi yrði líka svipaður. Ef ætlunin er að nýta orku til að skapa störf hlýtur að vera skynsamlegra að horfa til iðnaðar á borð við sólarkísilverksmiðju, eða annars iðnaðar sem er ekki eins orkufrekur og álver. En vandinn sem við horfumst nú í augu við er sá að orkufyrirtækin eru orðin svo skuldbundin áliðn-

aðinum að þeim kann að reynast erfitt að finna orku í önnur verkefni. Þess vegna hafa spennandi verkefni þurft frá að hverfa vegna fyrirhugaðrar uppbyggingu álvera. Við stöndum því núna frammi fyrir því að velja á milli áframhaldandi uppbyggingu álvera eða fjölbreyttari atvinnusköpunar. Við verðum að fara að átta okkur á því að við eigum ekki næga orku til að gera allt.

NÚ Hafa MÖRG SPJÓT STAÐIÐ Á ÞÉR UNÐAN-FARIÐ, SÉRSTAKLEGA FRÁ SUÐURNESJUM, ERTU AÐ NOTA VALD ÞITT TIL AÐ TEFJA FYRIR FRAMKVÆMDUM ÞAR EINS OG SUMIR VILJA MEINA?

Nei, alls ekki. Þau gildi sem ríkisstjórnin hefur að leiðarljósi í störfum sínum eru t.d. aukið lýðræði, opnari stjórnsýsla, aukið gagnsæi og sjálfbær þróun. Í þessu felst að allar ákvarðanir stjórnvalda verða að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Það er mitt hlutverk sem umhverfissráðherra að tryggja að ákvarðanir mínar séu byggðar á fullnægjandi upplýsingum og að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða. Af þessari ástæðu m.a. vísaði ég málinu aftur til Skipulagsstofnunar og fól þeim að kalla eftir frekari upplýsingum. Óvissuþættir varðandi framkvæmdina í Helguvík eru fjölmargir, svo sem orkuöflun og fjármögnun. Orka er að mestu tryggð fyrir 180 þúsund tonna álver en hins vegar er gert ráð fyrir að álverið verði 360 þúsund tonn. Fátt er fast í hendi varðandi orkuöflun álversins í fullri stærð. Enn er ekki vitað hvaðan sú orka á að koma eða hvort hún sé yfir



höfuð til. Það eru því aðrar ástæður sem hafa tafið framkvæmdir við Helguvík en úrskurður minn um Suðvesturlínu.

HVER ER AFSTAÐA ÞÍN GAGNVART HÁU RAF- ORKUVERÐI TIL GRÓÐURHÚSABÆNDA?

Ég er þeirrar skoðunar að gagnsæi eigi að ríkja í orkusölusamningum og að aflétta eigi leynd af orkuverði til erlendra stóriðjufyrirtækja. Það er mikilvægt að komið verði á jafnræði í verðlagningu raforku í ólíkum atvinnugreinum. Ríkisstjórnin hefur í samstarfsyfirlýsingu sinni lýst því yfir að hún vilji stuðla að þessu jafnræði og ég mun að sjálfsögðu styðja það.

Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að við getum gert betur í að framleiða matvæli hér á landi og tryggt matvælaöryggi þjóðarinnar meira en nú er. Í því sambandi gegna gróðurhúsabændur mikilvægu hlutverki. Ein af meginstöðum ríkisstjórnar Íslands er sjálfbær þróun og er það m.a. hlutverk okkar stjórnámálamanna að skapa skilyrði fyrir fyrirtæki, þar á meðal gróðurhúsabændur, til að blómstra.

HVERJA TELUR ÞÚ FRAMTÍÐARORKUGJAF BÍLSINS - RAFMAGN, GAS EÐA BIODÍSEL?

Í þessu er ekkert eitt rétt svar. Fyrir nokkrum árum ætluðum við að vetnisvæðast og kynntum okkur þannig fyrir heimsbygginginni. Okkur tókst ekki að standa undir þeim væntingum. Þess vegna tel ég að stjórnvöld eigi að fara varlega í það að velja lausn. Tækniþróun, markaðurinn en ekki síst

vilji almennings munu stjórna för í þessum efnum. Stjórnvöld geta hins vegar skapað umhverfi sem auðveldar fyrirtækjum að þróa nýja tækni og bjóða upp á nýjungar. En ég viðurkenni samt að ég bind ákveðnar vonir við rafmagnið. Það virkar á mig sem hin eðlilega lausn fyrir okkar samfélag.

ER UMHVERFISVITUND ÍSLENDINGA EKKI NÓGU GÓÐ, HORFUM VIÐ EKKI NÓGU LANGT FRAM Í TÍMANN?

Umhverfisvitund Íslendinga er að aukast. Það kom svo greinilega í ljós á nýliðnum Þjóðfundi þegar þátttakendur voru beðnir um að nefna þemu sem lýstu best framtíð Íslands. Þar voru umhverfismál næstefst á blaði á eftir menntamálum auk þess sem sjálfbær þróun var ofarlega á blaði.

Þátttakendur á umhverfisþingi sem haldið var í október hafa aldrei verið fleiri. Ég skynja líka mikinn áhuga hjá fólki sem er að vinna að margs konar verkefnum sem tengjast umhverfismálum. En við þurfum að gera enn betur ef við ætlum að ná árangri í málaflokknum. Við náum bestum árangri með því að breyta daglegri neysluhegðun okkar og þar þurfum við Íslendingar heldur betur að taka okkur á. Við eigum nánast heimsmet í einkabílaeign miðað við höfðatölu og við stöndum okkur ekki nógu vel í samgöngumálum. Ríkisstjórnin hefur í fyrsta sinn sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og er ég sannfærð um að við eigum eftir að verða meðal fremstu þjóða þegar kemur að loftslagsmálum í framtíðinni.



GT Tækni sér um fyrirbyggjandi viðhald og reglubundið eftirlit með ýmsum búnaði á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga og í Hvalfjarðargöngum. Fyrirtækið var í upphafi byggt á starfsmönnum úr tæknideild Íslenska járnblendifélagsins hf. enda er félagið að stórum hluta í eigu Elkem. Þetta voru aðallega vélvirkjar, rafvirkjar, bifvélavirkjar og rafeindavirkjar eða u.þ.b. 25 starfsmenn sem hófu störf hjá hinu nýja félagi árið 2002 en í dag eru starfsmenn GTT um 65 á þremur starfstöðvum. Fyrirtækið hefur nýverið reist 2 myndarleg hús yfir starfseminu á Grundartanga.

Uppbygging og atvinna - hvað gera stjórnvöld?

BOLLI ÁRNASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI GTT:

**HAFA ÞESSAR HUGMYNDIR UM STÓRIÐJU-
SKATTA ÁHRIF Á MÖGULEGA UPPBYGGINGU?**

Það er alveg klárt mál að það gerir það. Það sem gerðist um leið og þessi umræða fór í loftið þá stoppuðu stóriðjuframkvæmdir bæði út í Straumsvík og Helguvík. Eigendur þessara fyrirtækja sem hugðust byggja hér upp eru hikandi og búið að setja allar frekari fjárfestingar í uppnám. Ef þessi umræða hefði komið upp eitthvað fyrr þá hefði ekki verið farið í breytingar sem þó er búið að gera hérna. Þetta hefur því mikil áhrif á þann iðnað sem við erum í sem er þjónustuiðnaður við stóriðjuna.



Frekari uppbygging er náttúrulega bráðnaðsynleg fyrir þjóðfélagið eins og menn vita og þjóðhags-áæltun næsta árs byggir á frekari uppbyggingu í stóriðju. Ef starfsumhverfi verður gert erfiðara þá eru menn að taka störf sem hafa þó verið að borga skatta og setja þau upp á vagninn og láta þá færri aðila draga vagninn áfram.

Það kom öllum á óvart hvernig þessar skattahugmyndir voru lagðar fram. Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa komið með hugmyndir um lausnir á skatttekjum ríkisins, því það gera sér allir grein fyrir því að það vantar frekari



skatttekjur og menn bentu þá á aðrar leiðir í skattheimtunni sem væri almennari en þessar sem liggja nú á borðinu. Ég vona að menn finni aðrar leiðir.



BJÖRN GOTTSKÁLKSSON, TRÚNAÐARMAÐUR FIT HJÁ GTT :

ER MIKIL UMRÆÐA MEDAL STARFSFÓLKS UM SÉRSTAKA SKATTA Á STÓRIÐJU?

Menn hugsa fyrst og fremst um atvinnuöryggi og velta því fyrir sér. Þessir skattar hafa þó verið prófaðir í einhverri mynd í Svíþjóð og hafa gengið upp þar miðað við það sem ég hef lesið. En við þessar aðstæður sem hér ríkja nú gæti þetta tafið fyrir uppbyggingu á svæðinu. Það er atvinnuöryggið sem menn hafa mestar áhyggjur af. Það væri mjög gott ef að stóriðjan gæti lagt meira fé af mörkum í okkar sameiginlegu sjóði og eðlilegt að það gangi þá sama yfir alla því núna virðist mest vera að lenda á herðum okkar launafólks en þetta þarf að vera unnið með vönduðum og raunhæfum hætti.



JÓN GUÐMUNDSSON, HJÁ GTT :

MUNU SÉRSTAKIR SKATTAR Á STÓRIÐJU SNERTA STARFSFÓLKID?

Ef þetta verður að veruleika þá bitnar þetta beint á starfsmönnum. Þetta ættu menn að hugsa um þegar þeir koma aftan að fólki, alveg eins og með vanhugsuðum aðgerðum um lán heimilanna. Það verður að nálgast launsir að vel ígrunduðu máli.



ÞORGILS SIGURÞÓRSSON, HJÁ GTT :

MUNDIR ÞÚ TELJA AÐ ÞAÐ HEFÐI ÁHRIF Á KJÖR STARFSMANNA EF STÓRIÐJAN VERÐUR SKATTLÖGÐ

Það verður erfiðara að semja um launakjörin. Annars er mjög manneskjulegt umhverfi hér, en ljóst að launakjör starfsmanna tengjast beint afkomu fyrirtækisins.



Hver er staða garðyrkjunnar í dag og framtíðarhorfur?



HEIMIR JANUSARSON HJÁ KIRKJUGÖRÐUM REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA:

Staða garðyrkjumanna hjá hinu opinbera er nokkuð góð því í kreppu kemur aukið fjármagn til grænna framkvæmda og fólk kemur af atvinnuleysissskrá og fer að vinna í garðyrkju. Hins vegar er ástandið ótryggara hjá þeim sem vinna í einkageiranum. Þeir eru að klára sín verkefni og vita ekki hvað býður því það er óljóst hvað þeir fá af þeim framkvæmdum sem sveitarfélögin fara út í.

En horft til framtíðar þá eiga garðyrkjumenn að taka að sér fræðsluhlutverk og kenna fólki að rækta sjálft. Það þarf að fræða almenning og veita sveitarfélögum aðhald um að þau hafi til ráðstöfunar ræktunarland innan sinna marka fyrir fólk sem vill stunda eigin ræktun. Þetta fer saman við fræðslu um umhverfismál í heild. Við erum að vinna með umhverfið og erum umhverfismenntuð. Það er mikil þörf fyrir þess konar fræðslu.



GUÐRÚN HELGA GUÐBJÖRNSDÓTTIR HJÁ LANDBÚNAÐARHÁSKÓLANUM:

Staðan garðyrkjunnar er góð vegna þess að við getum framleitt allt sem við þurfum á að halda. Við stöndum fram-
arlega á heimsvísu og það eru gríðarlegir möguleikar en hátt
raforkuverð í ylræktinni stendur okkur fyrir þrifum. Ég er þó
bjartsýn á framtíðina því við getum orðið sjálfbær og einnig
farið út í ávaxtaframleiðslu. Það er mikilvægt að vera með inn-
lenda framleiðslu. Við bjóðum miklu betra grænmeti heldur en
það sem flutt er ódýrt inn. Við erum orðin mjög fær í lífrænum
vörnum og því ekki eitrad eins og áður og gert er annars staðar.
Framtíðin er björt ef vel er hugað að greininni.

SVANHILDUR BJÖRK SIGFÚSDÓTTIR GARÐPLÖNTU- FRÆÐINGUR HJÁ RÆKTUNARSTÖÐ REYKJAVÍKUR:

Það er mikill metnaður í íslenskri garðyrkju og við stöndum
mjög framarlega á flestum sviðum. Það er verið að rækta gott
grænmeti og flottar plöntur. Það hefur einnig aukist að fólk sé
að rækta sjálft heima hjá sér og það er jákvæð þróun. Á tímabili
var mikill innflutningur en það er mikilvægt að við höldum
okkur við innlenda framleiðslu og fólk er vakandi fyrir því og
velur íslenskt.



ELLISIF BJARNADÓTTIR HJÁ GARÐYRKJUSTÖÐINNI ESPIFLÖT Í REYKHOLTI:

Hækkandi verð á rafmagni kemur sér illa fyrir þá sem eru að
nota lýsingu. Hins vegar er sumarblómasala að koma vel út í
kreppunni. Fólk er ef til vill ekki að fara eins mikið erlendis og
kaupir blóm í garðinn þess í stað. Það er allt að verða opnara í
innflutningi. Það er ekki góð reynsla af innflutta gróðrinum
því það er ódýrari vara og er meðhöndluð á allt annan hátt.
Við þurfum að nýta alla möguleika. Annars erum við almennt
bjartsýn, fólk velur íslenskt og verslar í heimabyggð og helst
beint af bónda.

ÍRIS LONG GARÐYRKJUFRÆÐINGUR:

Það er verið að flytja minna inn af plöntum en áður.
Íslensk framleiðsla er ofar í hugum fólks enda hafa erlendar
plöntur hækkad í verði. Það er einnig meiri áhugi hjá fólki til
að huga meira að gördunum sínum sjálf fremur en að kaupa
út þjónustu garðyrkjufræðinga. Fólk er að koma sjálf til að
skoða og versla og minna selt í stærri verk. Svo er orðið vin-
sælt að kaupa forræktað grænmeti sem fólk getur plantað í
grænmetisreitina heima. Fólki finnst þetta spennandi og eru
margir að rækta sínar kryddjurtir og salat.



Viðtal við Ólaf Magnússon stjórnarmann í FIT
og starfsmann FIT á Reykjanesi

Bætt þjónusta og auknar kröfur

HVER VAR AÐDRAGANDINN AÐ ÞVÍ AÐ IÐN- SVEINAFÉLAG SUÐURNESJA SAMEINADIST FIT?

Sameiningin átti sér stað árið 2007 en að henni var lengri aðdragandi. Það var upp úr 2004 sem þessi umræða fór í gang hjá okkur innan stjórnarinnar. Við sáum fyrir ákveðnar breytingar þar sem Varnarliðið færi af landi brott en á Keflavík-urflugvelli störfuðu um helmingur af okkar félagsmönnum þegar flest var. Við vildum halda utan um félaga okkar þó að breytingar yrðu óhjákvæmilegar. Síðan var farið í viðræður við Félag iðn- og tækni-



greina þar sem okkur fannst að við ættum hvað mesta samleið með því félagi. Það sem ýtti þessu af stað var að við sáum að félagsmenn okkar færu að sækja vinnu utan okkar félagssvæðis og að þær kröfur sem gerðar eru til stéttarféлага í dag eru alltaf að aukast þannig að við vildum styrkja okkar stöðu.

HVER ER SAGA IÐNSVEINAFÉLAGS SUÐURNESJA?

Iðnsveinafélagið Suðurnesja var stofnað þann 20. desember árið 1942. Það var stofnað af starfsmönnum skipasmíðastöðvarinnar í Keflavík en hét þá Járn- og trésmíðafélag Keflavíkur. Frá upphafi hefur þetta verið blandað iðnaðarmannafélag. Með komu varnarliðsins varð mikil uppbygging á Keflavík-urflugvelli og í sveitafélagunum á Suðurnesjum þannig að félagsmönnum fjölgaði ört og starfsemi félagsins eflist. Mælingarstofa hefur verið rekin hjá félaginu fyrir byggingarmenn frá 1972 og hefur hún verið stór þáttur í rekstri félagsins og mælingarmaður verið í fullu starfi hjá félaginu þar til nú. Fyrir sameininguna við FIT í ársbyrjun 2007 voru 700 félagsmenn í Iðnsveinafélagi Suðurnesja.



HVERNIG ER ATVINNUÁSTANDIÐ Á SUÐURNESJUM Í DAG?

Atvinnuástandið er mjög slæmt. Við erum að horfa upp á um 12% atvinnuleysi hjá okkar félagsmönnum á Suðurnesjum og það er enn að aukast. Fyrirtæki eru að draga saman og menn eru að verða verkefnalausir. Það þarf mikið að koma til þannig að ástandið megi teljast viðunandi.

HVENÆR FÓR ÁSTANDIÐ AÐ VERSNA?

Pegar Varnarliðið fór árið 2006 var mikill uppgangur hér á Suðurnesjum í byggingariðnaði sem kom verulega til móts við uppsagnirnar á vellinum þannig að atvinnuleysið varð ekki eins mikið og óttast var. Að frumkvæði stéttarfélaganna á Suðurnesjum var opnuð skrifstofa sem hafði það hlutverk að hafa samband við alla þá einstaklinga sem misstu vinnuna á Keflavíkurflugvelli og þeim veitt aðstoð við atvinnuleit. Það er aftur á móti við bankahrunið í fyrra sem að atvinnuleysi verður verulegt vandamál.

HVAÐA LAUSNIR SJÁIÐ ÞIÐ NÚNA Í STÖÐUNNI?

Það eru álversframkvæmdir og aðrar framkvæmdir tengdar því og síðan eru bundnar vonir við gagnaverið og aðrar framkvæmdir á Keflavík-

urflugvelli. Fyrir okkar félagsmenn þá skipta þessar framkvæmdir gífurlegu máli. Ef þessar framkvæmdir fara ekki af stað á allra næstu vikum eða mánuðum er hætt á að þessi vetur verði okkur mjög erfiður atvinnulega séð. Við sjáum í raun ekki annað sem gæti lagað þetta slæma ástand því fjöldi atvinnulausra hér á svæðinu er það mikill.

ER BETRA FYRIR FÉLAGSMENN AÐ TILHEYRA STÆRRA FÉLAGI?

Iðnsveinafélag Suðurnesja var sterkt félag og með góða sjóði. En með samlegðaráhrifunum með FIT þá var það mikilvægast fyrir okkur að tryggja meiri og betri þjónustu við félagsmenn. Við rákum mælingarstofu en mælingar voru að dragast saman þannig að við sáum að það yrði erfiðara að halda uppi sama þjónustustigi miðað við þær auknu kröfur sem gerðar eru til stéttarfélaga í dag. Nú höfum við opnað nýja skrifstofu í Reykjanesbæ en við sameininguna við FIT varð mikil breyting á starfseminni m.a fækkaði um eitt stöðugildi hjá okkur og fundaaðstaða er sameiginleg og því þurfum við ekki eins mikið húspláss og áður. Við sáum að það myndi henta okkur mikið betur að vera í sameiginlegu húsnæði með öðrum stéttarfélögum og minnka þannig rekstrarkostnað og einnig auðvelda samvinnu á milli stéttarfélaganna.

HVERS VEGNA VARÐ FIT FYRIR VALINU?

Við vildum tryggja félagsmönnum okkar bætta þjónustu. Önnur félög sýndu okkur áhuga um samstarf, en við vildum reyna að ná saman við FIT þar sem þetta voru lík félög að mörgu leiti, blönduð iðnaðarmannafélög þar sem allar greinar innan þeirra eru jafnar. Við höfðum starfað með FIT í Samiðn og þekktum til þeirra og þess vegna varð það úr að við fórum þessa leið.

VAR ALMENN SÁTT UM SAMEININGUNA MEÐAL FÉLAGSMANNA?

Við fórum í allsherjar póstatkvæðagreiðslu ályðræðislegan hátt með góðri þátttöku. Þar samþykktu um 80% félagsmanna sameininguna, þannig að menn virtust mjög jákvæðir. Sameiningin var mjög vel kynnt á vinnustöðum og gefið út kynningarefni sem var sent á alla okkar félagsmenn þannig að þetta virtist góð niðurstaða. Auðvitað voru einnig raddir sem voru á móti sameiningu og fannst við ættum að fara aðrar leiðir, en niðurstaðan var með þessum hætti og í dag finni ég ekki fyrir eftirsjá félagsmanna. Ég myndi segja að markmið okkar og væntingar hafi náðst, og í raun komið betur út en við áttum von á.

HVERJAR ERU VÆNTINGARNAR UM FRAMTÍÐINA OG HVERT STEFNIR FIT?

Ég held tvímælalaust að FIT sé að stefna í rétta átt og ég vona að við höldum áfram á sömu braut að sameina alla iðnaðarmenn í eitt stórt og öflugt félag. Forsenda þess er að félagsmenn hafi næga atvinnu og því vona ég að við getum horft til bjart-



ari tíma í atvinnumálum okkar félagsmanna. Það er svo margt að breytast í þjóðfélaginu og kröfurnar alltaf að aukast til stéttarfélaga. Menn horfa auðvitað til þess hvað stéttarfélagsaðildin kostar og hvað menn fá í staðinn, þannig að félögin verða að standa sig. Það er erfitt að reka minni stéttarfélög því þau geta einfaldlega ekki verið að gera sambærilega hluti og hin stærri. FIT hefur svo haldið áfram að stækka og þeim fjölgar sífellt sem líta á félagið sem góðan valkost. Stefnan er að halda áfram að sameina iðnaðarmenn í eitt öflugt félag sem hefur alla burði til að uppfylla þær væntingar sem félagsmenn gera til stéttarfélaga í dag.

Félagsskírteini og dagbók 2010

Vinna við nýtt og félagsskírteini er nú í fullum gangi. Fyrirhugað er að senda það ásamt dagbók 2010 til félagsmanna fyrir áramót. Á félagsskírteininu er númer sem opnar félagsmönnum aðgang að orlofsvef félagsins. Einnig þarf að framvísa félagsskírteininu til að fá Umsamda afslætti sem félagsmönnum bjóðast. Nánari upplýsingar um þá er að finna á heimsíðu félagsins.



Félags- og faggreinafundir

FIT heldur félags- og faggreinafundi á eftirtöldum stöðum:

Selfossi 30. nóvember kl. 20.00 - Austurvegi 56.

Reykjanesbæ 1. desember kl. 20.00 - Kaffi duus Grófinni

Reykjavík 2. desember kl. 20.00 - Borgartúni 30

Vestmannaeyjum 7. desember kl. 12.00 - Kaffi Kró

Akranesi 8. desember kl. 20.00 - Kirkjubraut 40

Til umræðu verða:

Kjaramál, lífeyrismál, málefni faggreinanna og önnur mál.



Félag iðn- og tæknigreina í Reykjanesbæ flutti starfsemi sína að Krossmóum 4 í byrjun sumars ásamt Starfsmannafélagi Suðurnesja og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis. Af því tilefni var haldið veglegt hóf og mættu margir til að samfagna með félögunum. Félögin þrjú afhentu Velferðasjóði Suðurnesja rúma eina milljón króna í gjafabréfum í verslunum Samkaupa í tilefni þessara tímamóta. - Myndirnar eru frá opnunarhátíðinni.

Heimsókn í álver Norðuráls á Grundartanga



Með Kjarval fyrir augunum

Útsýnið er engu líkt. Hvalfjörðurinn, Eyrarfell, Esjan, Hvalfell, Þyrill og hvað þau fjöll öll heita. „Við erum með Kjarval fyrir augunum á hverjum degi,” segir Trausti Gylfason, öryggisstjóri Norðuráls, þar sem hann stendur á planinu við álverið á Grundartanga og horfir út á fjörðinn. Trausti er með öll helstu kennileiti á hreinu.

PURFA STARFSMENN NORÐURÁLS AÐ KUNNA NÖFNIN Á ÖLLUM ÞESSUM FJÖLLUM?

„Nei, en mætti ég ráða þyrftu þeir að gera það.” Hann brosir.

Öryggisreglur eru strangar og enginn fer inn á verksmiðjusvæðið án þess að vera í þar til gerðum klæðnaði, með öryggishjál og hlífðargleraugu. „Ertu nokkuð með gangráð eða þungaður?” spyr Trausti kerskinn en fólki í því ástandi er ekki hleypt inn um öryggishliðið í varúðarskyni.

„Hér hefjast allar vaktir á öryggisfundum. Öryggismál eru okkar ær og kýr,” upplýsir Trausti. Hann fer fimmtán sinnum í öryggiseftirlit í hverjum mánuði og segir natni hafa skilað miklum árangri. „En það má aldrei sofna á verðinum. Hér á að vera hættulaust að vinna.”

Í sömu andrá ekur starfsmaður framhjá á litlum rafmagnsbíl. Hvað er a'tarna? Hann er að tala í símann. Trausti vindur sér að manninum og veitir honum kurteislega áminningu.

Á verkstæðinu er handagangur í öskjunni. Tíu bráðhressir karlar vinna að viðhaldi farartækja sem

losa hundraðið í verksmiðjunni. En engin kona. „Þó að fjöldi kvenna starfi hjá Norðuráli, er enn engin kona í þessum hópi. „Ætli við verðum ekki bara að sætta okkur áfram við kvennmannsleysið,” segja menn og skella upp úr.

Í næsta húsi, vélaverkstæðinu, er mönnum heitt í hamsi enda eru þjóðmálin brotin til mergjar í „andstöðuhorninu”. „Þurfi að leysa eitthvað er það gert hér,” segir einn viðstaddra. „Það er svo merkilegt að stjórnvöld bregðast við mörgu sem hér kemur fram. Þau hljóta að vera með hlerunarbúnað hérna einhvers staðar,” segir annar og horfir rannsakandi í kringum sig. Sá sem gaf samkundunni nafnið „andstöðuhornið” er raunar fjarri góðu gamni. „Hann segist vera eitthvað taktlaus þessa dagana, karlanginn,” er upplýst en við nánari eftirgrennslan kemur í ljós að hann er heima með hjartsláttartruflanir. Hann er engu líkur, vinnustaðahúmorinn.

Á lagerinn koma allir sem vettlingi geta valdið. Þar starfar meðal annarra varaformaður starfsmannafélagsins. Hann er spurður hvort umsvifin séu mikil. „Já,” svarar hann. „Það er alltént mikið utanumhald,” segir annar. Það rennir þó stöðum undir blómlegt félagsstarf í álverinu að metfjöldi hefur skráð sig á árshátíð. Einhver upplýsir að stofna eigi mótorhjólaklúbb. Spurður hvort það eigi við í þessu árferði svarar Trausti. „Já, blessaður vertu. Hér er engin svartsýni ríkjandi. Álverin munu bjarga þjóðinni.”

Utan á einum kerskálunum getur að líta horn-

stein með lófaförum Kenneths Petersons, fyrsta eiganda álversins, og fjölskyldu hans. Gjörningurinn fór fram daginn sem verksmiðjan var ræst, 14. júní 1998. „Ken er magnaður karakter,” staðhæfir Trausti. „Hann er lögfræðingur að mennt og tók menn gjarnan í þriðju gráðu yfirheyrslu að hætti CSI til að afla upplýsinga. En öðrum eins öðlingi hef ég varla kynnst, við minnumst tíma hans hér með þakklæti og hlýju.”

Leiðin liggur eftir malarstíg yfir í steypuskálann og Trausti upplýsir að til standi að steypa stígin á næsta ári. „Það eru ennþá framkvæmdir í gangi hjá okkur enda óhjákvæmilegt á stóru heimili. Norðurál leggur metnað í að hugsa mjög vel um starfsfólk sitt enda er það lykilatriði ætli fyrirtæki að ná árangri,” segir hann.

Starfsmenn steypuskálans mæta vel til vinnu ef marka má skilti á vegg. „Við höfum náð því að vera án fjarveruslysa í samtals 679 daga.” Unnið er allan sólarhringinn allan ársins hring í steypuskálunum eins og í kerskálunum á fjórskiptum vöktum, a, b, c og d. Það er aðalvakt, bestu vakt, classavakt og draumavakt. Uppbyggileg nálgun þarna hjá Norðuráli.

Menn vinna á tólf tíma vöktum, aldrei lengur en fimm daga í senn. Að degi til eru um 270 manns að störfum í verksmiðjunni en um 100 að næturlagi. Alls starfa um 500 manns hjá fyrirtækinu, fólk með

fjölbreyttan bakgrunn. Að sögn Trausta stekkur enginn alskapaður inn í verkin í álverinu. Störfin byggjast á þjálfun og aftur þjálfun.

Tveir nýjustu kerskálarnir á Grundartanga eru með þeim lengstu í heiminum, 1,2 km. „Manstu eftir Fóstbræðrasketsinum, þar sem maðurinn er beðinn að sækja hamarinn?” spyr Trausti meðan skálmað er eftir gangi. „Menn fá oft þá tilfinningu hér. Ganga mikið. Sumir iðnaðarmennirnir fara ferða sinna á hjólum.”

Áltaka fer þannig fram að álinu er dælt upp í svonefnda deiglu. Að jafnaði er 1,4 tonnum dælt upp úr hverju kerri á dag. Álinu er komið fyrir á bílpalli og ekið með það yfir í steypuskálann. Þar tekur færibaldið við undir ströngu eftirliti stjórnstöðva. Starfsmaður mánaðarins, Þjarkurinn, fer mikinn og Trausti fullyrðir að enginn sé hans jafnoki. „Þjarkurinn kvartar aldrei undan matnum og heimtar aldrei meira kaup. Það þarf bara að smyrja hann endrum og sinnum.”

Tuttugu álhleifar eru framleiddir á mínútu. Þeim er síðan ekið út í gáma. Eimskip sækir gámana einu sinni í viku niður á höfn og siglir með þá sem leið liggur til Rotterdam. Þar er traustur markaður fyrir ál.

Rólegt er á höfninni þetta eftirmiðdegi. Bara kyrrðin. Og Kjarval.

Minitec - gólfhitakerfi frá Uponor



uponor

Minitec gólfhitakerfið hentar vel við endurbætur á eldra húsnæði. Leggja má beint á gólf, hvort sem er á stein eða timbur. Lágmarks hæð - hámarks þægindi.

Samstarf með fagmönnum

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051 • tengi@tengi.is



Farið var í heldrimannaferð FIT laugardaginn 19. september síðastliðinn. Góð mæting var í ferðina og tóku um 70 heldri menn þátt, ásamt Hilmarí Harðarsyni formanni FIT og Ármanni Ægi Magnússyni gjaldkera FIT.

Haustferð heldri félagsmanna

Fyrsti viðkomustaður var í Borgarnesi þar sem Frumkvöðlasetur í Brákarey var heimsótt. Þar sýndi Þorsteinn Máni hópnum snekkju sem hann hefur verið að smíða. Síðan var stoppað við útsýnisskífu hjá Svignaskarði og landslagið

tekið út. Að því loknu var snæddur hádegisverður að Hraunsnefi og drukkið kaffi á Hótel Venus. Finnþogi Eyjólfsson sá um leiðsögn í ferðinni. Blíðskapar veður var og tókst ferðin vel í alla staði.





Eins og félagsmenn Félags iðn- og tæknigreina hafa tekið eftir hefur Samband garðyrkjubænda vakið athygli á því að raforkukostnaður garðyrkjustöðva hefur hækkað um 30% á þessu ári. Rafmagn er stærsti kostnaðarliður við rekstur slíkra fyrirtækja og hefur hækkun af þessari stærðargráðu veruleg áhrif á rekstur. Með slíkri ákvörðun eru gerðar verulegar og alvarlegar breytingar á rekstrargrundvelli garðyrkjunnar.

Sköpum fleiri störf



Við sjáum áhrif aukins kostnaðar birtast á margs konar hátt. Orkunotkun hefur minnkað verulega það sem af er ári og hefur það bein áhrif á framleiðslu en hún er nú 17% minni í tómtum fyrstu 8-9 mánuði ársins. Það hefur síðan þau áhrif að innflutningur eykst með tilheyrandi gjaldeyrisflæði.

Mér hefur, sem betur fer, ekki borist til eyrna uppsagnir starfsmanna sem t.d. eru í FIT. Hinsvegar ber á það að líta að ef yfirvöld ákveða að koma ekki til móts við kröfur garðyrkjunnar er ljóst að fyrirtækin verða að endurskoða rekstur sinn. Ég hef átt tal við nokkra aðila sem hafa verið að velta fyrir sér að slökkva á raflýsingunni en það mundi hafa veruleg áhrif á störf innan garðyrkjunnar.

HVAÐ VILL GARÐYRKJAN?

Okkar kröfur eru í megin atriðum tvær. Í fyrsta lagi að stórnotendur rafmagns, t.d. garðyrkjan, fái að sjá þess merki í kaupum á rafmagni. Í dag sést þess ekki merki og má benda á að garðyrkjustöð í dreifbýli hefur taxta sem er hærri en einstaklings í þéttbýli. Í þessu sambandi er vert að nefna að meðaltalsnotkun garðyrkjustöðva er á við 1170 íbúa.

Hin krafa okkar er að skilgreiningu á hvað teljist dreifbýli og þéttbýli verði breytt þegar kemur að kaupum á rafmagni. Í dag er taxti dreifbýlisins

töluvert hærri en þéttbýlis. Samkvæmt reglugerð miðast þéttbýli við að þar búi yfir 200 íbúar. SG telur hinsvegar að þegar garðyrkjustöð er að nota á við hundruði eða þúsundir íbúa skipti ekki máli hvort staðsetning hennar sé í svonefndu dreifbýli. Taka eigi tillit til magns orkukaupa.

FRAMLEIÐUM MEIRA - SKÖPUM FLEIRI STÖRF!

Frá því að raflýsing hófst í garðyrkju, um kringum 1990, hefur orkunotkun aukist gríðarlega. Áður notaði garðyrkjan um 3-4 GWst en í dag notar hún um 65 GWst á ári. Fyrir hrún og þá slæmu ákvörðun að hækka rafmagnið voru uppi áætlanir hjá nokkrum bændum að fjárfesta enn meira í gróðurhúsum með fullkomnum búnaði. Ætlunin var að auka framleiðsluna, spara meiri gjaldeyri og skapa fleiri störf. Allar slíkar áætlanir hafa verið lagðar til hliðar.

Stjórnvöld hafa að undanförnum talað mikið um sprota sem felast í grænni stóriðju. Þau mega hinsvegar ekki gleyma þeirri grænu stóriðju sem þegar er til í landinu! Ég vona að stjórnvöld snúi við þeirri óheillaþróun sem orðið hefur á þessu ári þannig að við getum skapað fleiri störf með aukinni framleiðslu!

**Bjarni Jónsson framkvæmdastjóri
Sambands garðyrkjubænda**

Þjónustukönnun meðal félagsmanna



Kæri félagsmaður

Frá stofnun FIT árið 2003 hefur félagið verið í mikilli þróun og hefur meðal annars vaxið með inn- göngu annarra stéttarféлага. Okkur sem erum í for- svari fyrir FIT langar því að vita hug félagsmanna til félagsins og ýmissra þátta í starfsemi þess.

Við biðjum þig þess vegna að gefa þér nokkrar mínútur til að svara stuttri könnun þar sem við könnum m.a. hug þinn til þeirrar þjónustu sem þér stendur til boða.

Könnuninni getur þú svarað með tvennum hætti. Annars vegar með því að fylla út þetta spurningablað og senda til umsjónaraðila könn- unarinnar (Invis ehf., Langalína 34, 210 Garðabæ) og hins vegar með rafrænum hætti á www.fit.is og

smella á einn af flettigluggunum á forsíðu. Til að geta byrjað að svara rafrænt verður þú beðin(n) að gefa upp lykilorð, sem er á félagsskírteininu.

Það tekur þig innan við 10 mín- útur að svara spurningunum og þitt svar skiptir okkur miklu máli. Svara þarf fyrir 12. desember.



Takk kærlega fyrir að taka þátt.

Hilmar Harðarson,
formaður FIT,
hilmar@fit.is

1 Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?

- ☐ Bílaiðnaður
- ☐ Málmiðnaður
- ☐ Byggingariðnaður
- ☐ Gullsmíði
- ☐ Söðlasmiði
- ☐ Garðyrkja
- ☐ Múrverk
- ☐ Pípulagnir
- ☐ Annað

2 Ert þú karl eða kona?

- ☐ Karl
- ☐ Kona

3 Á hvaða aldri ert þú?

- ☐ Yngri en 25 ára
- ☐ 25-34 ára
- ☐ 35-44 ára
- ☐ 45-54 ára
- ☐ 55-64 ára
- ☐ 65 eða eldri

4 Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar minnst er á FIT?

5 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með FIT?

- ☐ Mjög ánægð(ur)
- ☐ Ánægð(ur)
- ☐ Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)
- ☐ Óánægð(ur)
- ☐ Mjög óánægð(ur)

6 Hvað finnst þér jákvæðast við FIT?

7 Hvað finnst þér neikvæðast við FIT?

8 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu FIT?

- ☐ Mjög ánægð(ur)
- ☐ Ánægð(ur)
- ☐ Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)
- ☐ Óánægð(ur)
- ☐ Mjög óánægð(ur)

9 Telur þú að auka eigi við eða draga eigi úr þjónustu FIT?

- ☐ Auka við
- ☐ hvað þá?
- ☐ Draga úr
- ☐ hvað þá?

10 Hvernig finnst þér FIT standa sig í kjarabaráttu sinna félagsmanna?

- ☐ Mjög vel
- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa
- ☐ Mjög illa

11 Hvernig finnst þér FIT standa sig í samskiptum við félagsmenn?

- ☐ Mjög vel
- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa
- ☐ Mjög illa

12 Hversu vel þekkir þú réttindi þín hjá FIT?

- ☐ Mjög vel
- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa
- ☐ Mjög illa

13 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með símenntun á vegum fræðslu miðstöðva sem FIT er aðili að?

- ☐ Mjög ánægð(ur)
- ☐ Ánægð(ur)
- ☐ Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)
- ☐ Óánægð(ur)
- ☐ Mjög óánægð(ur)
- ☐ Þekki það ekki

14 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þá orlofsvalkosti sem þér býðst hjá FIT?

- ☐ Mjög ánægð(ur)
- ☐ Ánægð(ur)
- ☐ Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)
- ☐ Óánægð(ur)
- ☐ Mjög óánægð(ur)
- ☐ Þekki það ekki

15 Hversu oft ferðu á vefsíðu FIT?

- ☐ Aldrei
- ☐ Daglega
- ☐ Vikulega
- ☐ Mánaðarlega
- ☐ Sjaldnar

16 Hvað myndi fá þig til að fara oftari á vefsíðu FIT?

- ☐ Óþið svar:

- ☐ Vil ekki fara oftari

17 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf FIT?

- ☐ Mjög ánægð(ur)
- ☐ Ánægð(ur)
- ☐ Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)
- ☐ Óánægð(ur)
- ☐ Mjög óánægð(ur)

18 Telur þú að eigi að auka við eða draga úr sýnileika (t.d. auglýsingar og kynningar) FIT meðal almennings?

- ☐ Auka við
- hvernig?

- ☐ Draga úr
- hverju?

19 Telur þú þig hafa hag af aðild þinni að FIT?

- ☐ Já
- ☐ Nei
- af hverju ekki?

20 Hver heldur þú að staða FIT verði eftir þrjú ár?

- ☐ Svipuð og í dag
- ☐ Sterkari
- ☐ Veikari

21 Annað sem þú vilt koma á framfæri við FIT



Ljósmyndasamkeppni

Sumarmynd félagsmanna FIT 2009

Sæmileg þátttaka var í ljósmyndasamkeppni FIT en myndefni átti að tengjast vinnu eða áhugamáli þáttakanda. Veitt eru þrenn verðlaun og eru þau vikudvöl í orlofshúsi félagsins utan punktátímabils í vor (ekki páskar). Dómnefndin var einhuga í úrskurði sínum og óskar vinningshöfum til hamingju um leið og hún þakkar öllum þátttakendum fyrir. Til að vitja vinningana eru vinningshafar beðnir að hafa samband við þjónustuskrifstofu í síma 535 6000 eðasenda póst á orlof@fit.is. Hægt er að skoða allar myndirnar inni á heimasíðu félagsins www.fit.is.

Fyrstu verðlaun falla í hlut Páls Sigvaldasonar en hann sendi inn skemmtilega mynd af „Tálbeittunni“, listaverki eftir Bjarna Þór á Akranesi.

Önnur verðlaun fær Einar Maríasson en myndin sem er af honum og syni hans lýsir mikilli væntumþykju og er að mörgu leiti tákræn um handleiðslu og gæti vel heitið það.

Þriðju verðlaun hlýtur svo Gústaf Adolf Karlsson, en myndin sýnir svanga munna sem bjuggu í sumar undir pallinum á orlofshúinu að Fitjahlíð 17. Myndin heitir einfaldlega „skógarþrastarungar“.



Tálbeitan.



Skógarþrastarungar.



Handleiðsla.

BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

BYGGINGARMENN

Mælingar og mælitæki 20 kennslustundir

HÚSASMIDIR

Parketgólf 20 kennslustundir

HÚSASMIDIR

Verðskrá húsasmiða - Uppmæling

20 kennslustundir

HÚSASMIDIR

Viðgerðir og viðhald húsa 20 kennslust.

HÚSASMIDIR

Viðhald og viðgerðir gamalla timburhúsa

15 kennslustundir

HÚSASMIDIR

Þök 20 kennslustundir

HÚSASMIDIR

Límtréhús og stálvirki 10 kennslustundir

PIÞULAGNINGAMENN

Endurlagnir í eldri hús 10 kennslustundir

PIÞULAGNINGAMENN, MÁLMTÆKNIMENN OG VÉLSTJÓRAR

Gaslagnir

20 kennslustundir

PIÞULAGNINGAMENN

Hita og neysluvatnskerfi 20 kennslustundir

PIÞULAGNINGA- OG MÁLMTÆKNIMENN

Þípulagnir fyrir loftræsikerfi 10 kennslustundir

PIÞULAGNINGAMENN

Vatnsúðakerfi - Sprinkler 20 kennslustundir

PIÞULAGNINGA- OG MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR

OG AÐRIR LAGNAMENN

Plastlagnir 50 kennslustundir

MÚRARAR

Steypuviðgerðir 10 kennslustundir

MÚRARAR

Upphengdar flísar 20 kennslustundir

MÁLARAR

Verðskrá málara 10 kennslustundir

MÁLARAR

Vatnslökk - Akryl 10 kennslustundir

MÁLARAR

**Marmara- og viðarmálun
- Framhaldsnámskeið**

20 kennslustundir

MÁLARAR

Málun timburhúsa 20 kennslustundir

MÁLARAR

Gífsveggir – Spartl og málun 10 kennslustundir

DÚKLAGNINGAMENN

Veggfóðrun 20 kennslustundir

HÚSGAGNASMIDIR

Húsgagnaviðgerðir - bæsun og lökkun

20 kennslustundir

HÚSGAGNASMIDIR

Lökk, lakkvélar og sandpappír

10 kennslustundir

STARFSFÓLK Í VEITINGASAL

Þjónað til borðs 8 kennslustundir

BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

BAKARAR

Tertugerð 15 kennslustundir

MATREIÐSLU- OG FRAMREIÐSLUMENN, BAKARAR OG KJÖTIÐNADARMENN

Dagur Norræna eldhússins 10 kennslustundir

STARFSFÓLK Í MÖTUNEYTUM

Létt og gott 12 kennslustundir

STARFSFÓLK Í KJÖTVINNSLUM

Gæðakjöt 8 kennslustundir

BAKARAR

Súrdeigsbakstur 12 kennslustundir

MATREIÐSLUMENN OG STARFSFÓLK Í MÖTUNEYTUM

Matreiðsla á grænmetisfæði 6 kennslustundir

MATREIÐSLUMENN

Niðurlagning 6 kennslustundir

STARFSFÓLK Í MÖTUNEYTUM, VEITINGAHÚSUM OG BAKARÍUM

Smurbrauð 16 kennslustundir (1. eining).

MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ

MÁLMIÐNADARMENN, VÉLVIRKJAR OG VÉLSTJÓRAR

Vökvatækni - Virkni vökvakerfa 42 kennslustundir

MÁLMIÐNADARMENN, VÉLVIRKJAR OG VÉLSTJÓRAR

Vökvatækni - Framhald af virkni vökvakerfa

42 kennslustundir

MÁLMIÐNADARMENN, VÉLVIRKJAR OG VÉLSTJÓRAR

Vökvatækni Rekstur, viðhald og bilanagreining

42 kennslustundir

STARFSMENN VIÐ MÁLMSMÍÐAR

Málmsuða - Grunnur

23 kennslustundir. Auk þess er veitt aðstoð í fyrirtæki að námskeiði loknu ef þess er óskað.

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, PIÞULAGNINGAMENN

Logsuða 18 kennslustundir

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, BIFREIÐASMÍÐIR

Pinnasuða 18 kennslustundir

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, BIFREIÐASMÍÐIR

TIG-suða – grunnur 18 kennslustundir

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, BIFREIÐASMÍÐIR

MIG / MAG-suða 18 kennslustundir

MÁLMIÐNADARMENN, SUÐUMENN

Suðupjálfun í fyrirtækjum

Fer eftir þekkingu og leikni starfsmanns

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR

CNC-stýrðar iðnvélar 60 kennslustundir

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR

Rennismiði og fræsing 36 kennslustundir

BLIKKSMÍÐIR, MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, HÖNNUÐIR

Loftræsikerfi Tilgangur og hönnunarforsendur

27 kennslustundir

BLIKKSMÍÐIR, MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, HÖNNUÐIR

Gerðir loftræsikerfa 27 kennslustundir

BLIKKSMÍÐIR, MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, HÖNNUÐIR

Uppbygging loftræsikerfa 27 kennslustundir

Rafmagnsfræði fyrir málmæknimenn

60 kennslustundir

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR

Iðntölvustýringar I 50 kennslustundir

MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ FRH.

VÉLSTJÓRAR, MÁLMTÆKNIMENN

Kælitækni 60 kennslustundir

VÉLSTJÓRAR, MÁLMTÆKNIMENN

Kælitækni – Áfylling á kælikerfi 20 kennslustundir

PIÞULAGNINGAMENN, MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR

OG AÐRIR LAGNAMENN.

Plastlagnir 50 kennslustundir

PRENTTÆKNISVIÐ

GRAFÍSKIR MIÐLARAR, HÖNNUÐIR OG ANNAD FAGFÓLK

InDesign CS4 grunnnámskeið 24 kennslustundir

GRAFÍSKIR MIÐLARAR, HÖNNUÐIR OG ANNAD FAGFÓLK

Breytt forvinnsla - RGB vinnuflæði 4 kennslustundir

PRENTARAR, PRENTSMÍÐJUSTJÓRAR OG TÆKNIMENN PRENTSMÍÐJA

Breytt forvinnsla - RGB vinnuflæði 2-4 kennslustundir

GRAFÍSKIR MIÐLARAR, HÖNNUÐIR OG ANNAD FAGFÓLK

Höfundarréttur hönnunargagna 18 kennslustundir

GRAFÍSKIR MIÐLARAR, HÖNNUÐIR OG ANNAD FAGFÓLK

Podcasting 9 kennslustundir

PRENTARAR, BÓKBINDARAR OG AÐRIR VÉLAMENN Í PRENTSMÍÐJUM

Inngangur að iðntölvustýringum 60 kennslustundir

PRENTARAR, BÓKBINDARAR OG AÐRIR VÉLAMENN Í PRENTSMÍÐJUM

Málmsuða - grunnur 18 kennslustundir

PRENTARAR, BÓKBINDARAR OG AÐRIR VÉLAMENN Í PRENTSMÍÐJUM

Málmsuða - þjálfun og hæfni 18 kennslust.

GRAFÍSKIR MIÐLARAR, HÖNNUÐIR OG ANNAD FAGFÓLK

Skipuleg nálgun hugmyndavinnu 36 kennslustundir

GRAFÍSKIR MIÐLARAR, HÖNNUÐIR OG ANNAD FAGFÓLK

Frásagnarteikning og myndskreytingar bóka

45 kennslustundir

GRAFÍSKIR MIÐLARAR, HÖNNUÐIR OG ANNAD FAGFÓLK

Bókahönnun 45 kennslustundir

GRAFÍSKIR MIÐLARAR, HÖNNUÐIR OG ANNAD FAGFÓLK

Illustrator I 24 kennslustundir

PRENTARAR, BÓKBINDARAR OG AÐRIR VÉLAMENN Í PRENTSMÍÐJUM

Rafmagnsfræði: Notkun AVO mæla 30 kennslustundir

PRENTARAR OG AÐRIR STARFSMENN Í PRENTSAL

Valsaskipti Heidelberg-véla 8 kennslustundir

PRENTARAR, PRENTSMÍÐIR, GRAFÍSKIR HÖNNUÐIR OG ÁHUGASAMIR

Svartlistin 24 kennslustundir

PRENTARAR, PRENTSMÍÐIR, GRAFÍSKIR HÖNNUÐIR OG ÁHUGASAMIR

Svartlistin II - framhald 24 kennslustundir

*Skráðu þig í símenntun
á www.idan.is*



IDAN
fræðslusetur

Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - Fax 590 6401
idan@idan.is - www.idan.is



MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

EKKI MISSA AF KJARABÓT

Séreignarsparnaður tryggir þér mótframlag frá vinnuveitanda þínum. Vegna mótframlagsins og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séreignarsparnað.

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séreignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum.

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.